

**Skipulagsskilmálar hesthúsa sunnan Hellissands í Snæfellsbæ.**

Á svæði sem sýnt er á aðalskipulagi á Hellissandi fyrir tómstundabúskap sunnan Hellissands er gert ráð fyrir uppbyggingu fjögurra hesthúsa nærri núverandi æfingasvæði. Sameiginlegt gerði er um miðbik svæðisins. Þegar hefur verið samþykktur afstöðuuppráttur fyrir eina af lóðunum. Deiliskipulag er í samræmi við staðfest aðalskipulag af svæðinu sem unnið var 1999, en gengið var frá endanlegri staðfestingu 2008.

Húsin verði tengd vatnsveitu Hellissands og við þau verði rotþrær af viðurkenndri gerð. Við hvert hús verði lokað haugstæði með drenlög. Ef illa er staðið að hreinsun er hætt á lyktarmengun. Varðandi hreinsun skal fara að ákvæðum reglugerða um meðhöndlun úrgangs. Gert ráð fyrir að Snæfellsbær setji samþykkt um hreinsun og umgengni sem geti verið strangari en reglugerðir.

Húsin verði hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Hreinsa skal hús reglulega og gæta þess að starfssemin valdi ekki ónæði.

Ekki er kunnugt um fornminjar á byggingarreitum. Komi annað í ljós skal framfylgja 10. og 13. gr. þjóðminjalaga sem samþykkt voru á Alþingi hinn 20.05.2001.

**Byggingaskilmálar.**

Syðsta lóðin er 79x58m, en aðrar lóðir 63x58 m að stærð. Byggingarreitir eru 12x33 m og innan byggingarreita má reisa allt að 200 m<sup>2</sup> heshús á einni hæð. Gólfkóti verði ekki hærrí en 0,2 m yfir jarðvegi á hússtæði. Húsin verði með lágrestum þökum, allt að 20° þakhalli. Hæsta leyfilega hæð þaks verði allt að 5,0 m yfir aðalgólfi. Lóðunum er úthlutað með teikningu af hesthúsum frá Byggingaþjónustu bændasamtaka Íslands dagsettar 08.10.2001, sem afhentar eru við úthlutun og skal fylgja þeim í öllum meginatriðum. Lítr verði í samræmi við litanúmer sem byggingarfulltrúi gefur upp vegna hesthúsa í Snæfellsbæ, en þar er lögð áhersla á jaröliti.


Gerð verði afstöðumynd, þegar fyrirhugað er að byggja á lóðum. Þar verði gerð grein fyrir staðsetningu bygginga innan byggingarreits og útfærslu á rotþró, haugstæði og drenlög.

Umhverfisáhrif af skipulagi þessu eru óveruleg og staðbundin. Húsin verða samræmd og lágrest. Þau eru því lítið áberandi í umhverfinu. Hesthúsin verða mjó og tryggja það góða loftun, lóðir eru rúmgóðar og auk þess er gerði sem lóðimar samnýta.

Talið er æskilegt að hestamenn geti haft hesta sína í nágrenni við heimili sín. Ef illa er staðið að hreinsun er hætt á lyktarmengun. Því er gert ráð fyrir að Snæfellsbær setji samþykkt um umgengni.

*Í kjölfar auglýsingar, í janúar 2009, ákvað sveitarstjórn að breyta þakhalli vegna athugasemdar lóðarhafa og setja inn bílastæði og texta um veitur.*

**Aðalskipulag Snæfellsbæjar, Hellissandur 1 : 10.000.**



Deiliskipulag þetta er unnið á uppréttan loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. lögum nr. 73/1997, var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar hinn 05.02.2009

*Kristinn Þórunnsson*



**Deiliskipulag hesthúsasvæðis sunnan Hellissands, Snæfellsbæ. Mælikvarði 1 : 2.000 og 1 : 10.000**

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husogskipulag@simnet.is Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt.080654-4219 *Hildigunnur Haraldsdóttir* Dags. 18.11.2008. Sverrir Ásgeirsson hönnuður 29.01.09. Bílastæðum komið fyrir og texta breytt.